



# TÓLF HUGTÖK HEIMSPJÓNUSTU S.L.A.A.\*

Samtök ástar- og kynlífsfíkla

1. Endanleg ábyrgð og lokaumboð fyrir heimspjónustu S.L.A.A. ætti ávallt að liggja hjá sameiginlegri samvisku samtakanna í heild sinni.
2. Í heimspjónustumálefnum hefur árleg þjónusturáðstefna S.L.A.A. að flestöllu leyti orðið hin raunverulega rödd og hin virka samviska félagsskapar okkar í heild sinni.
3. Til að tryggja árangursríka forystu, felum við hverri einingu S.L.A.A. samtakanna -þjónusturáðstefnunni, trúnaðarráðinu, starfsfólki og nefndum - rétt til að taka ákvörðun.
4. Á hverju ábyrgðarsviði ættum við að viðhalda hefðbundnum rétti til þátttöku með því að veita kosningarétt í samræmi við þá ábyrgð sem hvert og eitt ver.
5. Hefðbundinn réttur til áfrýjunar skal ríkja og þannig tryggja að skoðanir minnihlutans fái áheyrn og persónulegar umkvartanir gaumgæfilega íhugun.
6. Ráðstefnan viðurkennir að meginfrumkvæði og virk ábyrgð í flestum málefnum heimspjónustunnar ættu að vera í höndum þeirra trúnaðarmanna ráðstefnunnar sem í sameiningu gegna hlutverki trúnaðarráðs.
7. Stofnskrá og samþykktir samtakanna eru lagaleg verkfæri, sem veita meðlimum trúnaðarráðs umboð til að stýra og fara með málefni heimspjónustunnar. Þrátt fyrir að stofnskrá þjónusturáðstefnunnar hafi lagagildi reiðir hún sig einnig á hefðir og mátt pyngju S.L.A.A. um endanlega virkni.
8. Meðlimir trúnaðarráðs eru helstu skipuleggjendur og stjórnendur varðandi stefnu og fjármál. Þeir fara með forsjá og hafa eftirlit með hinum sívirknu og aðskildu sjálfstæðu þjónustueiningum, þar með talið getu þeirra til að ráða starfsfólk.
9. Á öllum stigum eru góðir þjónustuleiðtogar, ásamt skynsamlegum og viðeigandi aðferðum til að velja þá, ómissandi fyrir starfsemi okkar og velferð í framtíðinni. Trúnaðarráðið fer með forystu í því að leiða heimspjónustuna. Meginforysta heimspjónustunnar verður óhjákvæmilega að vera í höndum trúnaðarráðsins.
10. Í þjónustu okkar fylgir hverju hlutverki samsvarandi vald – umfang valdsins er ávallt vel afmarkað af hefð, samþykkt, starfslýsingu eða viðeigandi stofnskrá og samþykktum.
11. Meðlimir trúnaðarráðsins ættu ávallt að njóta fulltingis bestu mögulega nefnda, starfsfólks og ráðgjafa. Samsetning, hæfi, nýliðabjálfun, tilfærslur starfa, réttindi og skyldur krefjast ávallt alvarlegrar og vandlegrar íhugunar
12. Ráðstefnan starfar í anda erfðavenja S.L.A.A. með því að,
  - a. tryggja að hún verði aldrei aðsetur skaðlegs auðs eða valds,
  - b. nægjanlegt rekstrarfé ásamt hæfilegum varasjóði sé hin skynsamlega meginregla í fjármálum hennar,
  - c. enginn sé settur í stöðu sem veitir vald yfir öðrum án þess að hafa til þess forsendur,
  - d. öllum mikilvægum ákvörðunum sé náð með samræðum, kosningum og alltaf þegar mögulegt er, með afgerandi samstöðu,
  - e. gjörðir hennar séu aldrei refsandi gegn persónu neins eða tilefni til opinberra deilna,
  - f. haga sér aldrei eins og stjórnvald og líkt og samtökin sem hún þjónar mun hún ávallt hugsa og starfa á lýðræðislegan máta.

\* ©2012 The Augustine Fellowship, S.L.A.A., Fellowship-Wide Services, Inc. Öll réttindi áskilin. Tólf þjónustuhugtök AA eru aðlöguð með leyfi heimspjónustu AA-samtakanna. Leyfið til að aðlaga þjónustuhugtökin tólf er þó ekki til marks um að AA-samtökin séu tengd þessari bataleið. AA er eingöngu leið til að ná bata frá áfengisfíkn. Notkun þjónustuhugtökanna tólf í tengslum við bataleiðir og athafnir, sem taka mið af AA, en taka á öðrum vandamálum, eru ekki til marks um annað.